

Ed.

919. Nefndarálit

[392. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til fundar Ingibjörgu Rafnar hdl., formann nefndarinnar er samdi frumvarpið, Ingimar Sigurðsson, yfirlögfræðing heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og Birnu Björnsdóttur, lögfræðing Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefndin leggur til breytingu á d-lið 2. gr. frumvarpsins þannig að miðað verði við sama dagvinnustundafjölda og gildandi lög gera ráð fyrir, þ.e. í stað 1700 stunda komi 1032 stundir til þess að njóta fullra fæðingardagpeninga og 516–1031 til þess að njóta hálfra dagpeninga.

Rétt er að vekja athygli á því að nefnd sú, er vann að breytingunni á lögnum, benti á þrjá möguleika og er áður nefnd tillaga byggð á einum þeirra. Útreikningar um kostnað, er fylgja frumvarpinu, taka reyndar mið af því fyrirkomulagi sem breytingartillagan felur í sér, þannig að ekki kemur til kostnaðarauka umfram þann sem þar greinir frá nái frumvarpið fram að ganga svo beytt.

Nefndin leggur mikla áherslu á það að þær reglur, sem settar voru í reglugerð nr. 261/1983, um fæðingarorlof, varðandi greiðslur til bændakvenna, námsmanna og dagmæðra, haldist óbreyttar við mat á vinnuframlagi þótt það snerti ekki sjálft lagafrumvarpið. Þar sem lagaákvæði yrðu óbreytt hvað þennan þátt snertir þykir rétt að hnykkja á þessu því að ekki er ætlunin að þessir aðilar missi réttindi hlutfallslega þegar fæðingarorlof lengist úr þremur í sex mánuði á næstu þremur árum.

Eins telur nefndin rétt að vekja athygli á því, þótt ekki snerti það sjálft lagafrumvarpið, að tryggja þarf að lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi skerðist ekki, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlög þann tíma. Þetta kallar á breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Á sama hátt væri eðlilegt að gera breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánarétt svo að foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi. Þótt vissulega séu þetta mikilvæg mál hvort tveggja telur nefndin ekki rétt að þau tefji fyrir framgangi aukins fæðingarorlofsréttar, en treystir því að hlutaðeigandi aðilar kanni málin og geri tillögur til breytinga á næsta þingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Kolbrún Jónsdóttir,
með fyrirvara.

Helgi Seljan,
fundaskr., með fyrirvara.

Björn Dagbjartsson.

Karl Steinar Guðnason,
með fyrirvara.

Salome Porkelsdóttir.